

Efni: Rökstutt álit um að veita áminningu vegna brots á 19. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Endurskoðendaráð vísar til svarbréfs yðar, dags. 28. september sl. við bréfi endurskoðendaráðs, dags. 10. ágúst sl. vegna meintra brota á ákvæðum laga nr. 79/2008, um endurskoðendur varðandi óhæði.

Inngangur.

Með bréfi dags. 9. apríl sl. bárust endurskoðendaráði athugasemdir Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna brota á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Fram kemur í bréfinu að haustið 2009 hafi athygli FME verið vakin á því að þáverandi stjórnarformaður A starfaði sem endurskoðandi hjá Deloitte hf. og að jafnframt hafi ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2008 verið unninn af yður sem endurskoðanda sjóðsins. Hefði FME bent A á þetta í bréfi dags. 22. september 2009 vegna athugunar á ársreikningi 2008 og óskað eftir sjónarmiðum sjóðsins vegna þessa. Kveðst FME hafa gert alvarlega athugasemd við þetta gagnvart A en formanni stjórnar hefði mátt vera þetta ljóst sem endurskoðanda sem og yður sem endurskoðanda sjóðsins. Í svari A hafi komið fram að stjórnarformaður hafi verið lausráðinn hjá Deloitte, lögum um endurskoðendur hefðu ekki tekið gildi fyrr en í ársbyrjun 2009 og að stjórn sjóðsins teldi að óhæði í reynd væri tryggt þó ekki væri svo í ásýnd. Í bréfi sínu til ráðsins tekur FME fram að stjórnarformaður hafi ekki vikið sæti fyrr en 31. desember 2009 og hefði því starfað í trássi við 8. og 19. gr. laga nr. 79/2008 allt árið 2009. Á sama hátt hefði endurskoðanda sjóðsins átt að vera ljóst að störf hans brytu í bága við þessi sömu ákvæði. Í niðurlagi bréfsins tekur FME fram að af þessu tilefni telji það ástæðu til að gera endurskoðendaráði ljóst þetta meinta brot.

Endurskoðendaráð sendi yður erindi FME með bréfi, dags. 3. maí 2010 þar sem yður var gefinn kostur á gera grein fyrir afstöðu yðar til þeirra upplýsinga er fram komu í bréfi FME. Þess var einkum óskað að þér lýstuð því hvernig störfum yðar fyrir A hefði verið háttáð og hvort þér telduð að óhæðis hefði verið gætt við störf yðar við endurskoðun sjóðsins og þá hvernig. Þess var jafnframt óskað að þér senduð ráðinu öll þau gögn sem telja mætti að gagni kæmu við úrlausn málsins.

Í svarbréfi yðar dags. 27. maí 2010 kom fram að Deloitte hf. hefði gert ráðningarsamning um endurskoðun ársreiknings A vegna ársins 2008 þann 17. mars 2009 við umsjónarmann sem skipaður var af fjármálaráðherra eftir að stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins hafði verið vikið frá störfum. Í svari yðar kom enn fremur fram að þér teljið einnig að þér og Deloitte hafið ekki brotið gegn ákvæði 19. gr. laga nr. 79/2008 þar sem endurskoðunarteymi Deloitte sem kom að endurskoðun ársreiknings A fyrir árið 2008 hafi verið óháð bæði umsjónarmanni og þeim starfsmönnum Landsbankans sem megin samskipti voru við en eftirlaunasjóðurinn hafi verið með gildandi rekstrarsamning við Landsbankann um rekstur sjóðsins og

utanumhald fjárfestinga. Umsjónarmaður sjóðsins hafi einn skrifað undir skýrslu stjórnar vegna ársreiknings 2008 enda hafi hann borið ábyrgð á sjóðnum á þeim tíma. Varðandi hugsanlegan vafa um óhæði bendið þér á að vinna fyrrum stjórnarformanns A fyrir Deloitte hafi verið óveruleg þar sem hann hafi verið annars staðar í fullu starfi. Auk þess hafi Deloitte talið að óhæðismálin sneru fyrst og fremst að starfsmönnum bankans sem komu að rekstri sjóðsins auk skipaðs umsjónarmanns eins og fram komi í fylgiskjölum með bréfi yðar.

Í ljósi svarbréfs yðar taldi endurskoðendaráð rétt að gera yður grein fyrir þeirri afstöðu sinni að þér hefðuð brotið ákvæði laga nr. 79/2008, en ráðið taldi að málavextir allir gæfu til kynna að um brot á ákvæðum laga nr. 79/2008 hafi verið að ræða og veita yður þannig tækifæri á að gera athugasemdir áður en endurskoðendaráð tæki ákvörðun um hvort veita ætti yður áminningu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laganna.

Svar yðar barst með bréfi dagsettu 28. september sl. Eru í því gerðar eftirfarandi kröfur:

1. Aðallega að kærðu Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. apríl 2010, verði vísað frá endurskoðendaráði.
2. Til vara að endurskoðendaráðið falli frá boðaðri áminningu sinni á kærða.
3. Í báðum tilfellum verði FME gert að greiða kærða málskostnað vegna reksturs málsins fyrir ráðinu.

Jafnframt áskiljið þér yður rétt til munnlegs málsflutnings. Þá er þess einnig óskað að fari svo að ráðið beiti áminningu að úrskurður þess efnis verði birtur án nafngreiningar, sbr. 2. málslíð 7. mgr. 18. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Um rökstuðning fyrir kröfugerð er vísað til sjónarmiða bæði varðandi skipan endurskoðendaráðs, málsmeðferðarreglur laga nr. 79/2008 sem og efnisreglur laganna og siðareglna Félags löggiltra endurskoðenda. Verður rökstuðningi yðar gerð skil hér að neðan þannig að í I. kafla verður fjallað um hæfi meðlima endurskoðendaráðs, í II. kafla verða málsmeðferðarreglum gerð skil, að lokum verður í III. kafla fjallað um þau álitamál er ábending FME lýtur að sem er beiting óhæðisreglna laga nr. 79/2008 og siðareglna Félags löggiltra endurskoðenda í máli yðar og niðurstaða dregin saman í ljósi kröfugerðar yðar.

I. Um hæfi meðlima endurskoðendaráðs.

Í bréfi, dags. 28. september sl. byggði þér á *í fyrsta lagi* að ekki sé skipað með réttum hætti í endurskoðendaráð. *Í öðru lagi* byggði þér á því að tveir meðlima ráðsins séu vanhæfir sökum tengsla við Deloitte.

a. Um skipan endurskoðendaráðs.

Í svarbréfi yðar er því haldið fram að meiri hluti endurskoðendaráðs skuli skipaður endurskoðendum sem ekki hafi starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum. Ráðið sé skipað fimm einstaklingum og þar af séu tveir ekki endurskoðendur. Af þremur

endurskoðendum er skipi ráðið virðist einungis einn ekki starfa við endurskoðun. Veki þetta upp spurningar um hvort ráðið sé löglega skipað.

Endurskoðendaráð er fjölskipað stjórnvald og er kveðið á um skipan þess í lögum nr. 79/2008, sbr. og tilskipun evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga (8. félagatilskipunin). Þannig segir um skipan endurskoðendaráðs í 2. mgr. 14. gr.

„Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna. Meiri hluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.“

Ofangreind krafa er byggð á fyrirmælum 3. mgr. 32. gr. 8. félagatilskipunarinnar sem kveður á um að opinbera eftirlitskerfinu skuli vera stýrt af þeim sem ekki starfi við endurskoðun og hafi þekkingu til að bera á sviðum sem skipta máli varðandi endurskoðun. Þó sé aðildarríkjum heimilt að leyfa minni hluta þeirra er starfa við endurskoðun að taka þátt í eftirlitinu. Í tilskipuninni segir orðrétt:

„The system of public oversight shall be governed by non-practitioners who are knowledgeable in the areas relevant to statutory audit. Member States may, however, allow a minority of practitioners to be involved in the governance of the public oversight system.“

Þessi skilningur er staðfestur í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, en þar segir í athugasemdum við 14. gr. :

„Í samræmi við 32. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem sitji í ráðinu séu ekki starfandi endurskoðendur en samkvæmt tilskipuninni skulu þeir sem skipa ráðið hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun.“

Meirihluti endurskoðendaráð er skipaður einstaklingum sem ekki vinna við endurskoðun. Er það því niðurstaða ráðsins að skipan þess sé í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008, eins og þau ber að skýra í ljósi ákvæða 8. félagatilskipunarinnar.

b. Um sérstakt vanhæfi tiltekinna meðlima endurskoðendaráðs.

Í bréfi yðar kemur fram að þér teljið yður skylt að greina frá því að þér teljið D og E vanhæfa til að fjalla um mál yðar.

Þér vísið til þess að D eigi eða hafi átt sæti í stjórn F og komi að máli sem sérstakur saksóknari rannsaki og Deloitte tengist. D óskaði þess að koma ekki að ákvörðun ráðsins í máli yðar sökum persónulegs vinskapar. Tók varamaður hennar, C, sæti hennar. Er því ekki efni til að taka til meðferðar þennan lið svars yðar.

Þér vísið einnig til þess að E sé vanhæfur til að fjalla um mál yðar sökum þess að Deloitte aðstoðar um þessar mundir við athugun á störfum G, vinnuveitanda hans, í einum af bönkunum.

Um vanhæfi stjórnvalds segir eftirfarandi í 3. gr. stjórnsýslulaga:

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- 1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.*
- 2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.*
- 3. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.*
- 4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.*
- 5. Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.*
- 6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.*

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

Eins og áður segir teljið þér að umræddur meðlimur endurskoðendaráðs teljist vanhæfur vegna þess að Deloitte aðstoðar við athugun á vinnuveitanda hans í einum af bönkunum. Ekki er um frekari rökstuðning að ræða af hálfu yðar og þér vísið ekki til neinna lagaákvæða varðandi meint vanhæfi. Eru það ákvæði 5. og 6. tl. 3. gr. sem koma til greina í máli þessu og þannig hvort umræddur meðlimur endurskoðendaráðs á sjálfur eða fyrirtæki í hans eigu sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta í málinu eða hvort aðrar þær aðstæður séu fyrir hendi er gefi ástæðu til að ætla að hægt sé að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Með orðalaginu sérstakra eð verulegra hagsmuna er átt við fyrirsjáanlega sérstaka og verulega fjárhagslega framtíðarhagsmuni, hvort sem það er tap eða hagnaður.

Endurskoðendaráð bendir á í þessu sambandi að ekki verður séð að umræddur meðlimur ráðsins eða fyrirtæki í eigu hans hafi sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta í máli yðar en þess ber að geta að hann er ekki einn af eigendum G. Ekki hafið þér heldur leitt að því neinum gildum rökum að hann teljist hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn máls yðar, svo sem ágóða, tap eða óhagræði. Þannig hafið þér ekki bent á hvaða ágóða hann kunni að hafa af

neikvæðri úrlausn í máli yðar og aðeins sett fram óljósar vangaveltur um tengsl yðar við vinnuveitanda hans sem Deloitte aðstoðar við rannsókn á, auk þess sem niðurstaða þeirrar rannsóknar liggur ekki enn fyrir. Með vísan til þessa er það niðurstaða endurskoðendaráðs að umræddur meðlimur ráðsins teljist ekki vera vanhæfur við úrlausn máls yðar vegna setu í endurskoðendaráði né vegna annarra starfa sinna.

II. Röksemdir er varða málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins í máli yðar.

Í svarbréfi yðar þann 28. september 2010 er byggt á því að með bréfi sínu til endurskoðendaráðs þann 9. apríl 2010 hafi FME kært yður og endurskoðunarfyrtæki yðar til endurskoðendaráðs. Takið þér fram að við meðferð máls yðar hafi FME brotið ákvæði laga um tilkynningaskyldu gagnvart stjórn viðkomandi aðila, þ.e. A, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 87/1998, um eftirlit með fjármálastarfssemi. Þá hafi FME jafnframt gerst brotlegt við 4. gr. sömu laga með því að bera ekki ákvörðun um að kæra undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Að lokum vísið þér til þess að FME hafi hvorki veitt yður andmælarétt samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga né tilkynnt yður um meðferð máls eins og mælt sé fyrir um í 14. gr. sömu laga. Einnig vísið þér til 20. gr. laganna um að stjórnvald beri að tilkynna málsaðila um niðurstöðu máls.

Til svars ofangreindum röksemdum yðar bendir endurskoðendaráð í *fyrsta lagi* á að í fyrirsögn bréfs FME dagsettu 9. apríl 2010 er tiltekið að um sé að ræða „[a]thugasemd vegna brota á lögum nr. 79/2008.“ Er í bréfi FME stuttlega vísað til meint brots og segir síðan í niðurlagi bréfsins að FME telji „ástæðu til að gera endurskoðendaráði ljóst þetta brot.“ Telur endurskoðendaráð þegar af þessari ástæðu að ekki hafi verið um kæru að ræða enda vísaði ráðið til þess í bréfi til yðar að því hefði með fyrrgreindu bréfi FME borist ábending um brot á lögum nr. 79/2008. Í *öðru lagi* tekur endurskoðendaráð fram að samkvæmt lögum nr. 79/2008 hefur endurskoðendaráð eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur er taka til starfa endurskoðenda. Er í 16. gr. laga nr. 79/2008 gert ráð fyrir því að ráðið geti tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef það telur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafi brotið gegn lögnum, siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum er taka til starfa þeirra. Gildir þá einu að mati endurskoðendaráðs frá hverjum eða með hvaða móti vitneskja um brot berst ráðinu, svo sem með ábendingu, frétt í fjölmiðli eða með öðrum hætti. Eins og áður er rakið telur endurskoðendaráð að með bréfi sínu hafi FME vakið athygli ráðsins á meintu broti. Um ábendingu hafi því verið að ræða. Í ljósi þeirra upplýsinga er fram komu í bréfi FME taldi ráðið sér skylt að taka málið til meðferðar.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða endurskoðendaráðs að þeir meintu ágallar er þér teljið hafa verið á málsmeðferð FME skipti ekki máli við mat endurskoðendaráðs á því hvort því beri í tilviki yðar að sinna lögboðnu eftirliti með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur er taka til starfa endurskoðenda. Með vísan til sömu röksemda telur endurskoðendaráð enn fremur að mál það sem hér um ræðir varði ekki

ágreining milli yðar annars vegar og FME hins vegar heldur hafi FME eins og áður greinir sent ábendingu um brot yðar til endurskoðendaráðs. Af þeim sökum er ekki unnt að verða við kröfu yðar um að FME verði gert að greiða yður málskostnað.

III. Ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur um óhæði endurskoðenda.

Hér að neðan gerð nánari grein fyrir rökstuddu álitni endurskoðendaráðs, m.a. að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu í svarbréfum yðar til ráðsins þann 27. maí 2010 og 28. september 2010. Sökum þeirra athugasemda sem þér hafið gert við málavaxtalýsingu þá er fram kemur í bréfi FME telur endurskoðendaráð rétt að gera grein fyrir þeim málavöxtum sem lagðir verða til grundvallar álitni þessu.

Fjallað er um óhæði endurskoðenda í VI. kafla laga nr 79/2008 og í 19. grein laganna segir:

Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Hvort tveggja, skilyrðið um óhæði í reynd og skilyrðið um óhæði ásýnd þarf að vera uppfyllt til þess að endurskoðandi teljist hafa uppfyllt kröfur um að engin þau tengsl séu á milli endurskoðandans og viðskiptavinar sem vel upplýstur þriðji aðili gæti talið valda efa um óhæði hans.

Þar sem endurskoðun sjóðsins fór fram eftir gildistöku nógildandi laga koma ákvæði eldri laga ekki til álita. Ráðið bendir hins vegar á að ákvæði nógildandi laga og eldri laga eru efnislega samhljóða að því leyti að það nægi að vafi geti verið um óhæði endurskoðandans en það er hins vegar betur skýrt í nógildandi lögum hvað gæti valdið efa um óhæði og hvernig skuli bregðast við.

Um beitingu laga nr. 79/2008 í málinu.

Þér og fyrirtæki yðar hafið verið endurskoðendur A undanfarin ár. Fram kemur í bréfi yðar frá 28. september 2010 að árlega verið gerð ráðningarbréf um endurskoðunarverkefni eins og reglur endurskoðenda gera ráð fyrir. Einnig kemur fram að ráðningarsamningur sem laut að endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2008 hafi verið gerður 16. apríl 2009. Áritun endurskoðanda á ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 er undirrituð af yður og dagsett 30. apríl 2009. Af því má draga þá ályktun að endurskoðun ársreiknings sjóðsins vegna ársins 2008 hafi farið fram í apríl 2009. Í ráðningarbréfinu vísið þér til laga nr. 79/2008 um þagnarskyldu endurskoðenda og starfsmenn þeirra svo telja má augljóst að þér álítið að ákvæði þessara laga hafi gilt um endurskoðunina.

B, fyrrum stjórnarformaður lífeyrissjóðsins, hefur sinnt ýmsum störfum fyrir A undanfarin ár. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa þann ... Hann var skipaður formaður stjórnar á

ársfjórðungsfundi sjóðsins þann 25. águst 2006 og var hann formaður stjórnar sjóðsins á árinu 2008 fram að þeim tíma er X hrl. var skipaður sérstakur umsjónarmaður þann 17. mars 2009. Eins og fram kemur í bréfi yðar dagsettu þann 27. maí 2010 var fyrrum stjórn sjóðsins síðan falin stjórn hans aftur þann 18. júní 2009. Vék stjórnarformaðurinn B ekki sæti fyrr en 31. desember 2009. Stjórn A svaraði áður nefndum ábendingum FME með bréfi dagsettu 6. október 2009 og var það bréf undirritað af B sem stjórnarformanni f.h. stjórnarinnar. Í því bréfi segir:

Eftir að stjórnarformaður hlaut löggildingu og samfara lögleiðingu nýrra laga um endurskoðendur í ársbyrjun 2009 var bæði Deloitte og stjórnarformanni ljóst að óhæði í ásýnd væri ekki til staðar þótt óhæði í reynd væri tryggt. Áhættustjóri Deloitte benti á að annað hvort segði Deloitte sig frá endurskoðuninni eða að stjórnarformaður segði sig úr stjórn A. Áður en til ákvörðunar kom var stjórn A af fjármálaráðuneytinu sett af skv. tillögu FME.

Það er því eðlilegt að gera ráð fyrir því að yður og fyriræki yðar hafi verið ljóst þegar í ársbyrjun 2009 og í raun fyrr að Deloitte yrði að gera stjórn sjóðsins ljóst að fyrirtækið yrði að segja sig frá verkefninu eins og það er orðað í bréfi stjórnarformannsins.

Að tillögu FME skipaði fjármálaráðuneytið með bréfi dagsettu 17. mars 2009 X hrl. sérstakan umsjónaraðila A skv. 46. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Umsjónaraðili tók við störfum stjórnar í samræmi við X. kafla laganna og þar sem ekki hafði verið gengið frá ársreikningi féll það í hans hlut að semja ársreikning ársins 2008 sem undirritaður var af honum 30. apríl 2009. Þau gögn sem lágu til grundvallar ársreikningi ársins 2008 urðu hins vegar ekki til undir hans stjórn þó hann beri ábyrgð á framsetningu þeirra í ársreikningi lögum samkvæmt heldur báru þeir sem fóru með stjórn sjóðsins á árinu 2008 ábyrgð á starfsemi sjóðsins og meðferð fjármuna hans á þeim tíma. Endurskoðun ársreiknings 2008, sem fram fór í apríl 2009, hefur því óhjákvæmilega beinst að undirliggjandi gögnum ársreiknings sem sú stjórn bar ábyrgð á sem var við störf á árinu 2008.

Í svarbréfi yðar þann 28. september 2010 kemur fram sú afstaða yðar að um endurskoðun ársreiknings A vegna ársins 2008 skuli fara samkvæmt ákvæðum áðurgildandi laga um endurskoðendur nr. 18/1997 er giltu þar til núgildandi lög nr. 79/2008 tóku gildi 1. janúar 2009. Vísið þér jafnframt til 69. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, um að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð á þeim tíma sem hún átti sér stað.

Endurskoðendaráð tekur fram að rannsókn þessa máls beinist að störfum yðar sem endurskoðanda vegna endurskoðunar og áritunar ársreiknings A vegna reikningsársins 2008. Þar sem reikningsári sjóðsins lauk þann 31. desember 2008 beinist rannsóknin einungis að störfum yðar eftir þann tíma eða frá og með gildistöku nýrra laga um endurskoðendur nr. 79/2008 þann 1. janúar 2009. Þá tekur endurskoðendaráð einnig fram að í gildistökuákvæðum hinna nýju laga er tekið fram að þau gildi frá og með 1. janúar 2009. Í bráðabirgðaákvæðum

laganna er ekki gerður neinn fyrirvari um gildistöku ákvæða laganna varðandi endurskoðun og áritun reikninga vegna ársins 2008. Telur endurskoðendaráð því ljóst að um mat á störfum yðar vegna endurskoðunar og áritunar ársreikninga A fyrir árið 2008 fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/2008 enda fór endurskoðun fram eftir gildistöku þeirra laga.

Um brot á óhæðisreglum 19. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Endurskoðendur gegna mikilvægu hlutverki á fjármálamarkaði og gerðar eru ríkar kröfur til þeirra um þekkingu til þess að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum eins og fram kemur í 1. tl. 1. mgr. laga nr. 79/2008. Álit endurskoðandans sem vísað er til kemur fram í áritun hans eins og kveðið er á um í 11. gr. laganna.

Með lögnum er lögð áhersla á að endurskoðandi gæti hlutleysis í þeim störfum sem leiða til álits hans og er þess vegna fjallað sérstaklega um óhæði endurskoðenda í VI. kafla laganna. Þar segir í 1. mgr. 19. gr. að endurskoðandi og endurskoðunarfyirtæki skuli „vera óháð viðskiptavinum sínum í reynd og ásýnd.“¹ Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiði af endurskoðuninni.“

Endurskoðendaráð telur að þér hafið brotið gegn ákvæðum 19. gr. laganna um óhæði endurskoðenda með því að þér hafið endurskoðað ársreikning A fyrir árið 2008 þrátt fyrir að stjórnarformaður lífeyrissjóðsins hafi á þeim tíma verið í starfi sem endurskoðandi hjá Deloitte. Samkvæmt umræddu ákvæði er ljóst að ekki var um óháðan endurskoðanda að ræða í ofangreindu tilviki.

Ljóst er að þér hafið verið endurskoðandi A undanfarin ár og eruð því ekki að koma að endurskoðun ársreiknings sjóðsins í fyrsta sinn við endurskoðun ársreiknings 2008. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að viðskiptasamband milli stjórnar sjóðsins og endurskoðunarfyirtækisins hafi verið rofið og þér hafið því í raun verið ytri endurskoðandi sjóðsins fram að þeim tíma þegar stjórninni var vikið frá þann 17. mars 2009. Ljóst er að endurskoðunarferlið krefst mikilla samskipta endurskoðunarfyirtækis og stjórnenda sjóðsins. Ráðningarbréf sem gert er við umsjónarmann sem tekur yfir störf stjórnar síðar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra breytir í raun engu þar sem umsjónarmaður ákveður að halda viðskiptasambandi óbreyttu og því er gengið frá nýju ráðningarbréfi í samræmi við kröfur ISA 210 um ráðningarbréf endurskoðenda. Hins vegar var yður ljóst þá þegar að brotið hafði verið

¹ Samkvæmt hugtakaskilgreiningu í siðareglum IFAC og Fle er óhæði: (a) Óhæði í reynd – hugarástand sem gerir kleift að láta í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem stofna faglegu mati í hættu og gerir einstaklingi fært að starfa af heilindum og beita hlutlægni og faglegri dómgreind. (b) Óhæði í ásýnd – að forðast tengsl og aðstæður sem eru svo þýðingarmiklar að óvilhallur þriðji aðili, sem væri kunnugur staðreyndum málsins, þ.m.t. beitingu varúðarráðstafana, væri líklegur til að álykta á grundvelli staðreynda og aðstæðna að heilindum, hlutlægni eða faglegri dómgreind fyrirtækis eða meðlims endurskoðunar- eða staðfestingarteymis hafi verið stefnt í hættu.

gegn ákvæði í 19. gr. laganna um óhæði í ásýnd eins og fram kemur í bréfi stjórnar sjóðsins til FME dags. 6. október 2009 sem er fylgiskjal 4 með svarbréfi yðar.

Um siðareglur og alþjóðlega endurskoðunarstaðla og beitingu þeirra í málinu.

Í svarbréfum yðar dagsettum 27. maí og 28. september 2010 bendið þér á að siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda hafi ekki verið samþykktar fyrr en 14. nóvember 2009 og að þær hafi ekki hlotið staðfestingu ráðherra og hafi þar af leiðandi ekki öðlast formlegt gildi. Einnig bendið þér á að ISA staðall 200 sem endurskoðendaráð hefur vísað til hafi skv. 10. mgr. ekki komið til framkvæmda fyrr en við endurskoðun reikningsskila sem hófust 15. desember 2009 eða síðar.

Eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 79/2008 skal endurskoðun skv. 9. gr. laganna fara eftir góðri endurskoðunarvenju þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefna af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Núgildandi ISA 200 staðallinn er endurskoðuð útgáfa eldri ISA 200 staðals² er gildi um endurskoðun vegna tímabila er byrjuðu 15. júní 2006 eða síðar. Ákvæði greinar A.16 í núgildandi staðli samsvarar 5. gr. í eldri staðli og 20. gr. er samhljóða 14. gr. í eldri útgáfu staðalsins.

Endurskoðendaráð tekur fram að í áritun yðar sem óháðs endurskoðanda á ársreikning A fyrir árið 2008 er m.a. að finna eftirfarandi tilvísun til hinna alþjóðlegu endurskoðunarstaðla og siðareglna:

„Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.“

Lesandi ársreiknings treystir því að endurskoðað hafi verið í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla þegar sú staðhæfing kemur fram í áritun endurskoðandans. Það felur meðal annars í sér að fylgt hafi verið ákvæðum í greinum 8 – 11 í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli ISA 220 um fylgni við alþjóðlegar siðareglur sem fram koma í Code of Ethics sem gefnar eru út af IFAC. Í áritun sinni er endurskoðandi að staðfesta að gætt hafi verið að þessum siðareglum.

Þér hafið í svörum yðar borið því við að siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda hafi ekki verið samþykktar fyrr en á fundi félagsins þann 14. nóvember 2009 og ekki tekið formlega gildi fyrr en með staðfestingu ráðherra þann 29. september 2010. Endurskoðendaráð tekur fram að eins og áður greinir byggir niðurstaða máls þessa á 19. gr. laga nr. 79/2008 þar sem

² International Standard on Auditing 200. Objective and general principles governing an audit of financial statements. (Effective for audits of financial statements for periods beginning on or after June 15, 2006)

fram kemur krafa um óhæði bæði í reynd og ásýnd. Er því eigi ástæða til að taka afstöðu til þessarar málsástæðu yðar.

Niðurstaða.

Eins og nánar er rakið hér að neðan er beiting viðurlaga samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 háð því að um brot á ákvæðum laganna hafi verið að ræða. Um skýringu á innihaldi laganna getur eftir atvikum þurft að líta til þeirrar framkvæmdar er byggir á hinum alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum IFAC sem giltu gagnvart félagsmönnum Félags löggiltra endurskoðenda, þ.m.t. siðareglum, enda hafið þér í áritun yðar vísað til þess að umræddum stöðlum og siðareglum hafi verið fylgt.

Ekki verður séð að óhæði yðar hafi verið tryggt með því að endurskoðunarteymi Deloitte, sem kom að endurskoðun ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2008, hafi verið óháð bæði tilskipuðum umsjónarmanni sjóðsins og þeim starfsmönnum Landsbankans sem helstu samskipti voru við. Endurskoðendaráð telur þessa röksemd ekki nægilega til þess að sýna fram á óhæði endurskoðunarfyrtækisins þar sem óhjákvæmilegt hljóti að vera að endurskoðun á ársreikningi sjóðsins hafi að einhverju leyti beinst að störfum sjóðsstjórnar og þar með að störfum stjórnarformanns. Ekki síst í ljósi þess að í bréfi stjórnar sjóðsins til FME, sem vísað er til hér að ofan, segir að störf stjórnar sjóðsins séu víðtækari en almennt tíðkast og nefnd dæmi um veruleg afskipti stjórnar af ýmsum málum í rekstri sjóðsins. Það hlýtur því að vera eðlilegt að gera ráð fyrir að áhættumat og endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum hafi að einhverju leyti beinst að störfum stjórnarinnar og stjórnarformannsins, sérstaklega þar sem stjórninni ásamt framkvæmdastjóra hafði verið vikið frá störfum. Óhæði gagnvart rekstraraðila og umsjónarmanni er því ekki nægilegt til þess að uppfylla ákvæði 19. gr. laganna. Það er jafnframt staðfest í bréfi stjórnarformanns sjóðsins í áður nefndu bréfi til FME að óhæði ásýnd hafi ekki verið til staðar í ársbyrjun 2009 og hefur því ekki verið til staðar við endurskoðun sem beindist að starfsemi sjóðsins á árinu 2008 eins og hún kemur fram í ársreikningi.

Endurskoðendaráð bendir enn fremur á að ákvæði alþjóðlegra siðareglna sem vísað er til í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum eru til skýringar og fyllingar á ofangreindum ákvæðum 19. gr. laga nr. 79/2008.

Fram kemur í 14. gr. ISA 200 (nú 20. gr.) að endurskoðendum sem í áritun sinni lýsa yfir að endurskoðað sé í samræmi við alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana beri að fylgja ákvæðum þeirra. Í 5. gr. (nú A.16. gr.) er lögð rík áhersla á að endurskoðendur gæti óhæðis vegna almennra hagsmuna er tengjast störfum þeirra. Í 5. gr. er vísað til þess að beita beri við endurskoðun siðareglum sem er að finna í A og B hluta siðareglna IFAC.³ Í B hluta reglnanna, grein 290.149 segir eftirfarandi:

„Ef meðeigandi eða starfsmaður fyrirtækisins starfar sem yfirmaður eða stjórnandi viðskiptavinar í endurskoðun eru ógnanir vegna sjálfsmats og eigin hagsmuna svo

³ The International Federation of Accountants' *Code of Ethics for Professional Accountants* (the IFAC Code).

miklar að engar varðúðarráðstafanir geta dregið svo úr að þær verði ásættanlegar. [...] Þar af leiðir að enginn meðeigandi eða starfsmaður skal starfa sem stjórnarmaður eða stjórnandi viðskiptavinar í endurskoðun.“⁴

Með hliðsjón af því sem fram kemur hér á undan telur endurskoðendaráð að þér hafið ekki gætt óhæðis við endurskoðun ársreiknings A fyrir árið 2008 og því brotið gegn ákvæðum 19. gr. laga nr. 79/2008 svo ekki verði við unað. Af þessum sökum og með vísan til 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 veitir endurskoðendaráð yður hér með áminningu vegna framangreinds brots.

Reykjavík, 31. mars 2011

Endurskoðendaráð

(sign)

⁴ Þessar málsgreinar 290.149 gr. eru samhljóða 290.146 gr. í núgildandi siðareglum sem hlotið hafa staðfestingu efnahags – og viðskiptaráðherra.